AUGLÝSING
um tollverð notaðra bifreiða.

1. gr.

Tollverð notaðra bifreiða, sem keyptar eru til landsins, skal fundið skv. meginreglum 5.—7. gr. laga nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl., sbr. einkum 2. mgr. 7. gr. Nú er hið umsamda kaupverð lægra en matsverð skv. 2. gr. auglýsingar þessarar, skal þá leggja það verð til grundvallar, sem hærra er.

2. gr.

Að öðru leyti hefur ráðuneytið ákveðið að nota heimild í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl., til þess að setja svofelldar reglur um mat á notuðum bifreiðum til tollverðs, þegar um bifreiðar er að ræða, sem teljast til nr. 87.02.12, 87.02.35, 87.02.36, 87.02.37 og 87.02.39:

1. Fob-verð notaðrar bifreiðar skal fundið á þann hátt, að til grundvallar sé lagt fob-verð nýrrar bifreiðar af sömu eða svipaðri tegund, en nýjustu árgerð, eins og það er á komudegi þess farartækis, sem flytur notuðu bifreiðina til landsins, að frádregnum 1% fyrir hvern aldursmánuð bifreiðarinnar frá 1 mánaðar aldri til og með 48 mánaða, og er það hámarksfyrning (þ. e. bifreið fyrnist ekki eftir 4 ár), nema um sé að ræða tilfelli, er greinir í næsta tölulið.
2. Nú hefur maður, er flytur búferlum til landsins, bifreið með sér frá útlöndum og bifreiðin er eldri en 4 ára og hefur verið í eigu þess manns í a. m. k. full 2 ár, og má þá halda áfram að fyrna bifreiðina umfram það, sem getur í 1. lið um allt að 1.5% á mánuði frá 4 ára aldri, þó skal aldrei farið niður fyrir 10% af verði því, sem til grundvallar er lagt í tl. 1.
3. Aldur bifreiðar reiknast frá þeim degi, sem hún var tekin í notkun, og skal það undantegningarlaust sannað með vottorði opinbers skráningarmanns í því landi, er bifreiðin var fyrst tekin í notkun. Liggi ekki fyrir óyggjandi upplýsingar um það, hvenær bifreiðin var tekin í notkun, skal heimilt að miða fyrningu við 1. janúar næsta árs á eftir framleiðsluári.

   Verð bifreiðar miðast við aldur hennar á komudegi þess farartækis, sem bifreiðina flytur til landsins.

   Bifreið erlends sendiráðs eða sendiráðststarfmanns, sem seld er hérlendis, en hefur verið flutt inn samkv. 8. tölulið 2. gr. tollskrárlaga, fyrnist samkv. 1. og 2. lið, en skoðast flutt til landsins á söludegi.
4. Við ákvörðun fob-verðs notaðra bifreiða samkv. 1. lið skal hvorki taka tillit til útlits né ástands þeirra.
5. Matsregla sú, sem fram kemur í 1. lið er bindandi og er ekki hægt að krefjast yfirmats.

Fjármálaráðuneytið lætur gera skrá um verð á algengustu tegundum nýrra bifreiða til leiðbeiningar fyrir tollstarfsmenn við ákvörðun tollverðs samkvæmt auglýsingu þessari.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. október 1971 og er jafnframt úr gildi numin auglýsing nr. 246/1970 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 10. september 1971.

Halldór E. Sigurðsson.

Björn Hermannsson.